

„Á vetrin í hörku og hjarni
um hauður og svellþakta lá
við ökum í sleða og ærumist
með ískalin nefin og blá.“—

Herra trúr! Þarna duttu kertisstúfarnir úr knýtunum niður
á gólf. Rjúkandi skörin sloknuðu á svipstundu undir skóhæl-
unum.

Með myrkrinu komust þau til sjálfs sín.

„En ef fyrirsólknið heyrði nú þetta“, sagði Bóletta.

„Já, skollinn hafi það, það þætti mér nú verra“, muldraði
Trína.

Pau læddust öll inn í eldhúsið. Heimilisfólknið var alt á
fótum ennþá nema gamla átræða tengdamóðir trésmiðsins,
sem hélt til í loftherbergi, er vissi út að garðinum. Þar var
búið að loka, slökkva og draga niður gluggtjöldin.

Skinna-Bóletta og sonur hennar urðu samferða heim í Ör-
eigahælið. Drengurinn fékk hvorki löðrung né skammir, því
Bóletta játaði með sjálfri sér, að drengurinn hefði gert henni
glaða jólánótt.

IV.

Gamla madama Brask, móðir madömu Rasmusson, hvísl-
aði við kaffiborðið á jóladagsmorguninn mjög íbyggin á svip:

„Fyr mátti nú vera gauragangurinn í hänsakofanum í gær-
kveldi!“ —

Tengdasonurinn yppti öxlum. Gamla konan var orðin
hjá sér, og sá og heyrði ýmislegt, sem aðrir hvorki sáu né
heyrðu.

„Það var ljós, söngur og dans þar úti,“ hélt madama Brask
áfram.

„Já, það er rétt líklegt,“ sagði trésmiðurinn og fór út úf
stofunni, tautandi: „O-o, rugl!“—

Madama Brask hvíslaði að dóttur sinni:

„Í mínu ungdæmi settu menn dálítíð af mat út handa...
handa þessum smáherrum á jólánóttina. Nú eru menn orðnir svö-